

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Óseyrarbraut 26 og 29, Suðurhafnar í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 18. apríl 2007 breytingu á deiliskipulagi fyrir Óseyrarbraut 26 og 29, Suðurhafnar í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í því að lóð nr. 26 við Óseyrarbraut skiptist í 26 og 26B og lóð nr. 29 stækkar. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 15. maí 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 25. maí 2007